

## **Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 11. janúar 2023:**

### **Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að borgin dragi til baka útvistanir í snjómokstri**

Lagt er til að Reykjavíkurborg dragi útvistanir vegna snjóhrensunar og hálkuvarna til baka. Borgin sjái því á ný milliliðalaust um snjómokstur í borginni, eigi eigin tæki og sé með beinráðið starfsfólk. Vélar og starfsfólk sem sinni snjóhrensun vinni einnig við að halda götum og gangstéttum hreinum, slái gras á grænum reitum borgarinnar og sinni öðrum tilfallandi verkefnum. Umhverfis- og skipulagssvið komi á laggirnar vinnuvélaeild sem hafi umsjón með þessum verkefnum.

#### **Greinargerð:**

Borgin ætti að draga úr milliliðum í kerfinu og eftirlitinu sem því fylgir, kaupa eigin tæki og beinráða starfsfólk til snjóhrensunar eins og áður var gert. Þannig er komið í veg fyrir langar boðleiðir og ferill snjóhrensunar einfaldaður til muna. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag er ekki að skila sér í góðum snjómokstri og hefur þjónustan hrörnað á síðustu árum. Samfélagslegur kostnaður þess að moka ekki nægilega vel er mikill fyrir samfélagið. Fjölgun þeirra sem hrasa, brotna eða jafnvel slasast alvarlega er kostnaður sem við tökum á okkur með dýrum dómi. Auk þess er kostnaðarsamt að fólk komist ekki leiðar sinnar. Langar og flóknar boðleiðir til mismunandi verktaka ásamt flóknum útboðsskilmálum hafa gert feril snjómoksturs flókinn og þunglamalegan. Með því að Reykjavíkurborg sjái um moksturinn milliliðalaust er verið að einfalda kerfið til muna. Ljóst er að starfsfólk og vinnuvélar borgarinnar myndu heldur ekki standa auðar á sumrin. Þegar Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar var og hét notaði hún sömu tæki og mannskap á sumrin til að halda götum og gangstéttum hreinum og slá gras á grænum reitum borgarinnar. Sama fyrirkomulagi verði beitt á ný með samþykkt tillögunnar. Starfsfólk og vélar nýtist þannig allt árið.